

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurlhafnar, lóðir nr. 28-31 við Óseyrarbraut.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 6. september 2011 breytingu á deiliskipulagi Suðurlhafnar, vegna Óseyrarbrautar 28-31. Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóðanna er hækkað, lóðir nr. 29 og 31 við Óseyrarbraut eru stækkaðar og gerðir á þeim byggingarreitir fyrir opin útiskýli, annað 7 m hátt og hitt 12 m hátt.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegar, Flatahraun 13.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 6. september 2011 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegar á lóð nr. 13 við Flatahraun. Breytingin felst í að byggingarreit á lóðinni er breytt og nýtingarhlutfall hennar lækkað.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytinganna var skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gögn hafa verið afhent Skipulagsstofnun til varðveislu. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 26. september 2011,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 11. október 2011